

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða
Vinnuveitendasambands Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að verkfall yfirmanna á farskipum hafi staðið frá 25. apríl s.l. og frá 3. júní s.l. hjá undirmönnum innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðila innan Vinnuveitendasambands Íslands. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands lagt verkban á undirmenn á farskipum frá 11. maí s.l. og auk þess boðað vegna þessara deilna viðtækt verkban, sem að óbreyttu muni hefjast 25. júní n.k. Sáttatilaunir hafi reynt árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn deilnanna. Verkbann þetta og verkfall hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum, tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórfelldum truflunum og stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna verði framhald á þeim. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda endi á deilur þessar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört að Bessastöðum 19. júní 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.